

Skógargærðisnefið

Sú grandvara og góða kona, Hulda Gísladóttir amma mín, borin og barnfædd í Skógargærði, hefur alltaf verið skarpskyggn kona. Sér í lagi er hún mjög glögg á það hvort fólk af skógargærðisætt hefur erfð hennar svokallaða skógargærðisnef eða ekki, sem mér skilst að sé öllum öðrum nefjum glæsilegra. Meira að segja kveður svo rammt að þessum hæfileikum hennar að hún sér undir eins og nýfæddur skógargærðingur lítur dagsins ljós hvort sá stutti eða stutta hefur fengið eitt slíkt í vöggugjöf. Það er ekki óalgeng sjón að sjá nýbakaða móðurina og ömmu standa fyrir framan sýningargleríð á fæðingardeild sjúkrahússins og má þá greina á andliti hinnar fyrrnefndu eftirvæntingu eftir því að amma skeri úr um þetta með nefið. En það er nú samt ekki alltaf sem barninu hefur hlotnast sú náð fyrir almættinu að fá skógargærðisnef og þá segir hún amma mín ekki neitt. Og þá hefur maður það.

Á síðustu árum hef ég velt þessu mikið fyrir mér og komist að því að ég vildi gjarnan læra þá iðn að greina skógargærðisnef. Ég sökkti mér niður í fræðin og fór að grandskoða fólk af skógargærðisætt og þá sérstaklega nefið. Ég gerðist frændrækin í meira lagi og sætti færi í hvert skipti sem ég vissi að einhver úr ættinni væri í heimsókn hjá ömmu eða öðrum í fjölskyldunni og mætti þar.

Á meðan setið var yfir kaffibollunum og nýjustu fréttir af ættflokknunum sagðar reyndi ég að sýna umræðunum hæfilegan áhuga á meðan ég einblíndi á nef ættingja minna. Og ég sá ýmsar útfærslur á nefjum. Skyldi skógargærðisnefið vera þetta sem líktist kónganefi eða þetta beinskeytta með hvössum oddi fremst. Ég útilokaði fljótt kartöflunef og þessi sem minna mig á franska leikarann Gerard Depardiu. Svo voru það nefin sem litu út eins og hringur hefði verið í þeim, svipað og á nautum, og tekið í svo haftið milli nasaholanna náði langleiðina niður á efri vör. En ég gaf þau frá mér líka. Svo var það líka spurning með ósímmetrísk nef, sérstaklega þessi sem sveigðu eilíftið til hægri, en ég vissi að amma myndi aldrei samþykkja þau sem sveigðu á vinstri hlið, svo þau gat ég afgreitt strax.

Ég get ekki neitað því að á þessum tíma eyddi ég töluverðum tíma fyrir framan spegilinn og velti því fyrir mér hvort ég sjálf hefði svona

nef. Því ef svo væri nú ekki þá veit ég að læknavísindunum hefur fleygt það mikið fram að þeim væri ekki skotaskuld úr því að kippa því í liðinn. Og þá gæti ég gegnið stolt um götur og enginn vafi léki á því úr hvaða ætt ég væri. A meðan á þessum vangaveltum mínum stóð gekk ég meira að segja svo langt að fara á bókasafnið í þeim tilgangi að auka á vitneskju mína um nef almennt með von um að geta betur glöggvað mig á þeim einkennum sem tilheyrðu minni ætt. En allt kom fyrir ekki. Ég komst bara að því að amma ein hafði þetta einstaka nef til að þefa upp skógargerðinef og sennilega væru þeir hæfileikar meðfæddir.

Ég hef stundum séð mig í huganum sitja í sófanum í stofunni heima í Spító hjá ömmu, þar sem hún situr makindalega í hægindastólnum á móti mér, og spyrja hana ósköp varlega hvort það geti nokkuð hugsanlega verið tilfellið að ég sé með skógargerðisnef. Þá sé ég hana alltaf fyrir mér halla sér rólega fram, horfa á nefið á mér og segja góðlátlega: „Neei, það hefur þú ekki.“ Svo ég hef ákveðið að njóta frekar vafans. Þó að ég hafi blessunarlega fengið nafnið hennar er ég ekki viss um að nefið hafi fylgt með í kaupbæti.

En þar sem ég veit að amma er von að vita lengra en nef hennar nær, þá er ég viss um eins og hún að skógargerðisfólk hefur bein í nefinu.
